Reykjavíkurborg

Reykjavík, 7. mars 2022
MOF22020005

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Yfirlýsing dómnefndar Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur til kynningar í Borgarráði***

Hjálögð er yfirlýsing dómnefndar Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur til kynningar í Borgarráði. Þar kemur fram einróma álit dómnefndar að ekki væri æskilegt að veita verðlaunin í ár þar sem ekkert handritanna náði að uppfylla þær kröfur sem dómnefnd telur að gera verði til verðlaunaverka.

Virðingarfyllst,

Huld Ingimarsdóttir
Starfandi sviðsstjóri
*Menningar- og ferðamálasvið*

Samrit:

Hjálagt:

Yfirlýsing dómnefndar Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 24. febrúar 2022
MOF22020005

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Yfirlýsing dómnefndar Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur 2022***

Að þessu sinni barst dómnefnd fjöldinn allur af handritum sem skemmtilegt var að lesa og rýna. Þótt sögurnar hafi verið fjölbreyttar og sumar nokkuð sérstakar, var það engu að síður einróma álit dómnefndar að ekki væri æskilegt að veita verðlaunin í ár. Ástæðan er einfaldlega sú að ekkert handritanna náði að uppfylla þær kröfur sem dómnefnd telur að gera verði til verðlaunaverka. Nokkur fjöldi þeirra var vandaður en þó hefði mátt vinna þau betur og kemur þar mögulega til styttri skilafrestur en undanfarin ár. Við hvetjum umsækjendur til að nýta tímann fram að næsta skilafresti, efla handrit sín og taka þátt að ári liðnu.

F. hönd dómnefndar,
Geir Finnsson, formaður

Aðrir í dómnefnd voru Heiða Rúnarsdóttir og Yrsa Sigurðardóttir